

Nd.

956. Breytingartillögur

[86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 7. grein laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls héraðs af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.
2. Við 6. gr. bætist: 99% af fyrrgreindum tekjum skulu renna í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðbótar framlögum skv. lögum nr. 91/1982.